



FJÁRMÁLASTÖÐUGLEIKARÁÐ

Fjármála- og efnahagsráðuneyti, Arnarhvoli, 101 Reykjavík

Sími: 545 9200

fjr.is/fjarmalastodugleikarad

Reykjavík, 18. júní 2026

Efni: Fundargerð fjármálastöðugleikaráðs

Fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Ráðsmenn: Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður, og Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri.

Aðrir fundarmenn: Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika, Flóki Halldórsson framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs, Sigríður Dís Guðjónsdóttir, forstöðumaður á fjármálastöðugleikasviði Seðlabankans, Steinn Friðriksson, sérfræðingur á skrifstofu bankastjóra, Hermann Sæmundsson, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Sigurður Páll Ólafsson, skrifstofustjóri á skrifstofu efnahagsmála, Gunnlaugur Helgason, staðgengill skrifstofustjóra á skrifstofu fjármálamarkaðar, Eggert Páll Ólason, sérfræðingur á skrifstofu fjármálamarkaðar, og Sigríður Rafnar Pétursdóttir, ritari fjármálastöðugleikaráðs.

Fundur hófst kl. 9:00.

1. Staða og horfur í fjármálakerfinu og hagkerfinu

Seðlabankinn fór yfir stöðu, horfur og helstu áhættuþætti í fjármála- og hagkerfinu. Alþjóðapólitísk áhætta hefur verið mikil og vaxandi síðustu mánuði. Skuldsetning ríkissjóðs er hófleg og ytri staða þjóðarbúsins sterk. Þegar á heildina er lítið er viðnámsþróttur heimila, fyrirtækja og banka að mati Seðlabankans mikill. Vanskil í bankakerfinu eru enn lítil en aðeins á uppleið hjá ákveðnum atvinnugeirum. Verðbólguþrýstingur vegna orkuverðs er að minnka. Margar nýbyggingar eru óseldar og sala þeirra tekur langan tíma. Betur gengur að selja minni nýbyggðar íbúðir. Kaupendum fyrstu fasteignar hefur ekki fækkað og rýmkun lánþegaskilyrða hefur nýst hluta þeirra. Undanþáguheimild frá hámarki greiðslubyrðarhlutfalls er enn lítið nýtt. Vaxtaálag á erlendar útgáfur íslenskra banka er stöðugt; fjármögnunarkostnaður erlendis hefur lækkað.

2. Sérstök umræða

a) Vaxandi áhætta í rekstri fjármálainnviða

Netárásur fylgja hvarvetna. Samkvæmt Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (EBA) hefur einn af hverjum þremur evrópskum bönkum orðið fyrir a.m.k. einni árangursríkri netárás. Íslenskt fjármálakerfi stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum í breyttum heimi. Það er um margt háð alþjóðlegum tæknilausnum, einsleitni gæti í greiðsluþjónustu, aðgengi og notkun reiðufjár eru takmörk sett og gefa verður aukinni áhættu sem tengist gervigreind gæm.

b) Viðbrögð Seðlabankans

Seðlabankinn er að grípa til fjölbreyttra aðgerða til að styrkja greiðslumiðlun, efla viðbúnað fyrir nauðsynlega fjármálaþjónustu og viðhafa betri yfirsýn og regluleg samskipti við ólíka haghafa. Samvinna er mikilvæg við önnur stjórnvöld, atvinnulíf og almenning. Heimili þurfa að vera viðbúin því að ein eða fleiri greiðsluleiðir séu tímabundið óaðgengilegar (kynna sér og virkja tiltækar staðgönguleiðir). Söluaðilar ættu með sama hætti að vera viðbúin því að greiðslukort virki ekki og aðilar á fjármálamarkaði að viðhafa fullnægjandi áætlanir um viðbúnað og samfelldan rekstur nauðsynlegrar fjármálaþjónustu.

3. Önnur mál

Á fundinum var gerð grein fyrir ákvörðunum skilavalds frá síðasta fundi ráðsins. Greint var frá því að Seðlabankinn myndi undirrita á næstu dögum samning við Seðlabanka Evrópu um þátttöku Íslands í TIPS, rauntímagreiðslukerfi Evrukerfisins (TARGET Instant Payment Settlement), sem felur í sér að frá árinu 2028 verður unnt að gera upp rauntímagreiðslur í íslenskum krónum í TIPS.

Drög að fréttatilkynningu voru samþykkt.

Fundi var slitið um kl. 9:40.

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, formaður fjármálastöðugleikaráðs